

Nr. 1338

2. desember 2015

GJALDSKRÁ fyrir rotþróargjald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Mosfellsbæ sem staðsettar eru á deiliskipulögðum íbúðasvæðum og á lögbýlum þar sem fráveituvatn húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlegt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþroa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ.

2. gr.

Fyrir tæmingu hverrar rotþróar skal greiða kr. 38.140. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu hans. Óski húseigandi eftir því að rotþró sé tæmd til viðbótar við reglubundna tæmingu, skal hann greiða fyrir slíka tæmingu samkvæmt reikningi losunaraðila.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, sbr. 23. gr. í samþykkt um fráveitu Mosfellsbæjar.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur bæjarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulifeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ nr. 1014/2010, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Við samþykkt gjaldskrárinnar fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1151/2012.

Mosfellsbæ, 2. desember 2015.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.